

Bæjarskrifstofur Garðabæjar

Mótt.dags. 04.02.19

Málalykill 00.81

Mál nr. 1902037



Hagstofa Íslands

Garðabær  
B.t. forstjóra  
Garðatorgi 7  
210 Garðabæ

30. janúar 2019

**Kæri viðtakandi**

Hagstofa Íslands mun safna upplýsingum um laus störf á íslenskum vinnumarkaði frá og með 1. ársfjórðungi 2019. Á næstu dögum mun berast beiðni um skráningu á lausum störfum, fjölda starfsmanna og þörf fyrir vinnuafli á næstu mánuðum.

Markmið Hagstofu Íslands með þessari starfaskráningu er að til verði hagskýrslur sem gefi góða heildarmynd af fjölda lausra starfa og ráðningum á íslenskum vinnumarkaði. Niðurstöður munu nýtast við mat á stöðugleika og mannaflapörf á vinnumarkaði og gagnast atvinnurekendum til eigin greininga og áætlana á mannafla.

Hagstofa Íslands stefnir að því að í birtum niðurstöðum verði hægt að:

1. Greina eftirspurn á vinnumarkaði eftir tiltekinni færni og hæfni mannafla.
2. Greina eftirspurn eftir atvinnugreinum.
3. Áætla starfsmannaveltu á íslenskum vinnumarkaði.

Starfaskráning fer fram fjórum sinnum á ári og er viðmiðunardagur ávallt um miðjan ársfjórðung.

Gagnasöfnunin er í samræmi við reglugerð nr. 453/2008 um laus störf. Athygli er vakin á því að lögaðilum í rekstri er skylt að skila Hagstofunni gögnum samkvæmt lögum nr. 163/2007 um Hagstofu Íslands og opinbera hagskýrslugerð.

Fyllsta trúnaðar er gætt við úrvinnslu gagna. Einungis verða birtar heildarniðurstöður og svör verða ekki rakin til einstakra lögaðila. Nánari upplýsingar um trúnað, öryggi og persónuvernd má finna á [www.hagstofa.is/personuvernd](http://www.hagstofa.is/personuvernd).

Allar nánari upplýsingar veitir Guðriður Helga Þorsteinsdóttir í síma 528-1223 eða á netfanginu [gagnasofnun@hagstofa.is](mailto:gagnasofnun@hagstofa.is).

Með bestu þökkum og von um góða samvinnu,

Ólafur Hjálmarsson, hagstofustjóri

